

# Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

---

## Fundargerð 9. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fimmtudaginn 27. nóvember 2014 kl. 10.30

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Uppgjör vegna sóknaráætlunarverkefna 2013
3. Milliuppgjör vegna sóknaráætlunar 2014
4. Fundur stýrihóps og landshlutasamtaka 1. desember
5. Önnur mál

**Mættir:** Torfi Jóhannesson formaður (ANR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Hafsteinn Pálsson (UAR) varamaður Steinunnar, Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karl Björnsson (Sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR). Auk þeirra sátu fundinn Snorri Björn Sigurðsson (Byggðastofnun, yfirgaf fundinn kl. 11.30) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Heiður Björnsdóttir (VEL) og Karítas Gunnarsdóttir (MMR).

### Umfjöllun og afgreiðsla:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt án athugasemda.

#### 2. Uppgjör vegna sóknaráætlunarverkefna 2013

Stýrihópurinn hafði falið Byggðastofnun og verkefnisstjóra að fara yfir greinargerðir og uppgjör einstakra verkefna frá landshlutasamtökunum. Í kjölfar þeirrar yfirferðar vann verkefnisstjóri minnisblað, dags. 26. nóvember, og sendi stýrihópnum sama dag.

Í minnisblaðinu kemur meðal annars fram að heildarfjármagn til sóknaráætlana árið 2013 var rúmlega 631 m.kr., 400 m.kr. komu af fjárlagalið 09-992 og 231 m.kr. sem mótframlag heimamanna. Verkefnin hafa almennt gengið vel og eru samkvæmt samningi að öðru leyti en að tafir hafa orðið á nokkrum þeirra. Af þeim 73 verkefnum sem samningarnir átta tóku til er það mat verkefnisstjóra að 60 þeirra sé sannarlega lokið og ástæða til að ganga frá lokagreiðslu. Þeim verkefnum sem ekki er að fullu lokið, alls 13 verkefni, eru gerð sérstök skil í minnisblaðinu. Áætlanir gera ráð fyrir að 9 af þessum 13 verkefnum verði lokið fyrir áramót, en 4 verkefnum verður ekki lokið fyrir en eftir áramót.

Stýrihópurinn samþykkir að leggja til við fjármála- og efnahagsráðuneytið að ráðuneytið greiði loka-greiðslu vegna þeirra verkefna sem sannarlega er lokið.

Varðandi þau verkefni sem ekki er að fullu lokið þá samþykkir stýrihópurinn að leggja það til við fjármála- og efnahagsráðuneytið að ráðuneytið heimili að gengið verði frá lokagreiðslu fyrir áramót vegna þeirra verkefna sem skila fullnægjandi lokauppgjöri fyrir 12. desember.

# Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

---

Stýrihópurinn samþykkir einnig að leggja það til við fjármála- og efnahagsráðuneytið að ráðuneytið heimili að þeir fjármunir sem verða ekki greiddir út fyrir komandi áramót renni inn í næstu sóknaráætlun. Gangi það eftir mun stýrihópurinn leggja til að þeim fjármunum verði úthlutað til þess landshluta sem þeim var upphaflega úthlutað til.

Í þeim tilvikum þar sem verkefni hafa ekki nýtt áður útgreidd fjárframlög verða landshlutasamtök krafín um endurgreiðslu ásamt vöxtum sem hafa safnast á ónotað fé.

Péttri falið að leita staðfestingar hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um hvort heimilt verði að flytja þá fjármuni sem ekki verða greiddir út fyrir áramót yfir á næsta ár.

### 3. Milliuppgjör vegna sóknaráætlunar 2014

Samningar um framlög til byggðapróunar, sem gerðir voru við landshlutasamtökin átta og undirritaðir þann 12. maí sl., kveða á um að önnur greiðsla framlags fari eftir skjalfestri fjárhagslegri stöðu verkefna 1. nóvember.

Fyrir hönd stýrihópsins kallaði verkefnisstjóri eftir upplýsingum um fjárhagslega stöðu verkefna frá landshlutasamtökunum þann 10. nóvember og var þeim veittur frestur til 19. nóvember til að skila upplýsingum. Þrjú landshlutasamtök skiluðu innan tilsetts tíma, SSV, FV og SSA. Þá var veittur, óumbeðið, viðbótar frestur til 25. nóvember og skiluðu tvö landshlutasamtök, SASS og SSS, upplýsingum fyrir þann tíma. Upplýsingar hafa ekki borist frá SSNV, Eyþingi og SSH.

Verkefnisstjóri hafði tekið saman minnisblað, dags. 27. nóvember, sem dreift var á fundinum. Þar koma meðal annars fram upplýsingar um hve háum fjárhæðum hefur þegar verið varið til sóknaráætlunarverkefna annars vegar og vaxtarsamningsverkefna hins vegar.

Stýrihópurinn samþykkir að leggja til við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið að önnur greiðsla verði greidd í þeim tilvikum sem greiðsluskylda hefur myndast. Það á við um SSA og SASS vegna sóknaráætlunar- og vaxtarsamningsfjármuna og hjá SSV vegna vaxtarsamningsfjármuna. Í öðrum tilvikum verði beðið með greiðslur uns lokaskil hafi átt sér stað.

Minnt var á að samningarnir gilda til 31. desember 2014 og því er ekki heimilt að ráðstafa fjármunum til verkefna eftir þann tíma. Fram kemur hjá einum landshluta að fyrirhugað sé að auglýsa eftir umsóknum um vaxtarsamningsfjármuni í febrúar. Stýrihópurinn er sammála um að það samræmist hvorki samningnum né hafi úthlutunarnefndir eða landshlutasamtök umboð til að úthluta fjármagni eftir að samningurinn fellur úr gildi.

Stýrihópurinn leggur til við hlutaðeigandi ráðuneyti að ónýttir fjármunir renni inn í sóknaráætlun 2015-2019 viðkomandi landsluta.

Samþykkt var að landshlutasamtökin hafi frest til 1. apríl 2015 til að skila lokauppgjörum vegna verkefna sem falla undir sóknaráætlun 2014.

### 4. Fundur stýrihóps og landshlutasamtaka 1. desember

Á síðasta fundi stýrihópsins var ákveðið að boða til fundar með landshlutasamtökunum. Hefur sá fundur verið boðaður mánudaginn 1. desember kl. 12.00-15.00 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

## Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

---

Á fundinum verður fyrst og fremst rætt um drög að nýjum sóknaráætlunarsamningum og viðaukum þeirra. Óskað hefur verið eftir því að ráðherra byggðamála setji fundinn. Þá mun stýrihópurinn einnig gera grein fyrir niðurstöðum sínum varðandi uppgjör á sóknaráætlunarsamningum ársins 2013 og milliuppgjöri vegna ársins 2014.

Drög að dagskrá eru þessi:

- Hádegissnarl.
- Ráðherra setur fundinn.
- Formaður stýrihóps fer yfir lokauppgjör 2013 og milliuppgjör 2014.
- Umræður.
- Formaður fer yfir samningsdrög og viðauka, sem og tillögu að skiptareglu fjármuna.
- Umræður.

### 5. Önnur mál

#### a) *OSPi gagnabanki OECD*

Héðinn greindi frá því að í kjölfar OECD ráðstefnu um nýsköpun hjá hinu opinbera sem haldinn var í París fyrr í þessum mánuði hafi hann sent minnisblað til fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem lagt er til að ráðuneytið tilnefni það vinnulag sem sóknaráætlanir landshluta byggja á sem framlag Íslands inni OSPi gagnabanka OECD, þar sem tiltekin eru dæmi af nýskapandi vinnulagi í aðildarríkjunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.